

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. júní 2022

Mál nr. S-2267/2022:

## Héraðssaksóknari

(Silja Rán Arnarsdóttir saksóknarfulltrúi)

## gegn

X

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júní sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 16. maí 2022, á hendur: „X, kt. [...], [...], Reykjavík, fyrir brot gegn blygðunarsemi, stórfelldar ærumeiðingar og brot í nánu sambandi, gagnvart fyrrverandi sambýliskonu sinni A, kennitala [...], framin á árunum 2018 og 2020 með sendingu SMS skilaboða úr símanúmerinu [...] í símanúmerið [...], eins og hér nánar greinir:

### I.

1. Brot gegn blygðunarsemi, stórfelldar ærumeiðingar og brot í nánu sambandi á árinu 2018, með því að hafa sent A eftirfarandi smáskilaboð sem voru til þess fallin að móðga hana, smána vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð og særa blygðunarsemi[,] en skilaboðin voru þýdd úr [...]:

1.1 sent 10. október: „þú þarft að vita vertu viss að sá sem er að ríða þér núna brjótí í þér tennurnar í minn stað“.

1.2 sent 21. október: „ég sá mömmu þína í hóruhúsi hún vildi að ég myndi ríða (henni) en ég hló, hún vildi gera það frítt“.

1.3 sent 21. október: „Ég er ánægðu með að þú sleiktir á mér typpið óþvegið eftir aðra.“

Teljast brot þessi varða við 209. gr., 233. gr. b og 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Brot í nánu sambandi og stórfelldar ærumeiðingar með því að hafa sent eftirfarandi smáskilaboð sem voru til þess fallin að móðga hana, smána og vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð, en skilaboðin voru þýdd úr [...]:

2.1 sent 10. október: „tussa“

2.2 sent 10. október: „af því þú ert ekkert í mínum augum og verður það áfram“

2.3 sent 10. október: „ég gæti í mestalagi pissað á þig“

2.4 sent 10. október: „Hóran þín fokking sjúka móðir öskraðu einu sinni enn hóran þín fyrir framan barnið og ég kýli þig á kjaftinn.“

2.5 sent 19. október: „fokking dóni ef sonur minn verður hræddur þá brýt ég á þér kjaftinn“

2.6 sent 21. október: „hlustaðu rusl þú talar niður til mín ég tala niður til þín, ef þú réttir fram höndina (biðst fyrirgefningar) þá brýt ég á þér kjálkann, vertu bless og ekki skrifa mér.“

2.7 sent 21. október: „hún ól þau upp en hvað í andskotanum gerir þú...Horfðu langt í burt frá móður minni þín var að hórast og vissi ekki að hún væri ólétt og eyðilagði heila barnanna“

2.8 sent 21. október: „Mundu að hver einasta eftir að ég fór frá þér var 100 sinnum betri“

2.9 sent 16. desember: „Drullaðu þér burt hóra“

Teljast brot þessi varða við 233. gr. b og 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Brot í nánu sambandi með því að hafa þann 16. desember sent henni skilaboðin „þú ferð í sandinn“ en skilaboðin sem þýdd voru úr [...], voru til þess fallin að vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð.

Telst þetta varða við 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

007-2018-[...]

## II.

1. Brot gegn blygðunarsemi, stórfelldar ærumeiðingar og brot í nánu sambandi á árinu 2020, með því að hafa sent A eftirfarandi smáskilaboð sem voru til þess fallin að móðga hana, smána vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð og særa blygðunarsemi hennar, en skilaboðin voru þýdd úr [...]:

- 1.1 sent 24. október: „hahahaha veistu að það sem þú segir og skrifar skiptir engu. Ég sendi þér upptöku þar sem B er með tár í augunum og segist ekki vilja fara til þín þar sem þú öskrar. Núna reynir þú að snúa öllu við. Hihi ég þekki þig falski heimskinginn þinn núna tekst þér ekki til eins og áður að drulla upp á bak og kenna öðrum um, ég endurtek að ég kem í þessa skítaholu ef þú heldur áfram að öskra á B t.d. er B búin að læra að segja „ég hata þetta hús“ eða „ég hata þig“. Það sést hvernig C talar við þig eða þú við þinn kynlífsfélag. Ég sé ekki eftir peningum í sálfræðing en þessir peningar sem þú stalst sé ég eftir og þú borgar tilbaka. Það er betra en hver einasti sleikti skaufi á götunni hvort sem hann er hvítur eða svartur hmmm. Kynlífs hjálpin þín er heimskuleg og blind. Í ALVÖRUNNI ÞÁ VORKENNI ÉG VIRKILEGA NÆSTA MANNI“.
- 1.2 sent 10. nóvember: „Ég kaupir allt sem hann þarfnast hann á allt sem honum langar í hjá mér en þú verður með skaufa í rassinum“.

Teljast brot þessi varða við 209. gr., 233. gr. b og 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Brot í nánu sambandi og stórfelldar ærumeiðingar með því að hafa sent eftirfarandi smáskilaboð sem voru til þess fallin að móðga hana, smána og vekja ótta um líf, heilbrigði og velferð, en skilaboðin voru þýdd úr [...]:
- 2.1 sent 24. október: „Þú ert húsdýr fyrir mér, tilkynntu, hvað ætlar hún að gera mér ? Hehe mundu það sem ég sagði þér einu sinni. Þú skuldar mér 800 þúsund. Þú átt dóm og þannig var það.“
- 2.2 sent 24. október: „Þú þarna fáviti talar um áreiti ég sé eftir ég hefði átt að lemja þig í klessu fyrir það sem þú gerðir og sýndir börnunum“.
- 2.3 sent 24. október: „Hlustaðu vel ég skrifa þér þetta, ég er ekki hræddur við neitt og tek fulla ábyrgð. Ef sonurinn segir mér aftur að þú ert að öskra á hann þá lofa ég þér að ég kem inn í þessa skítaholu og ég lem þig, kynlífsfélag þinn og pabba minn af því að þau vita en gera ekki neitt og verða því refsud.“
- 2.4 sent 24. október: „Mundu að þú, kynlífsfélagi þinn og pabbi minn þið munuð vera refsud ef sonur minn mun halda áfram að hlusta á öskur og vera hræddur. Ég segi þetta af fullri ábyrgð og ég fer í fangelsi til lífstíðar ef barnið mitt verður fyrir skaða“.
- 2.5 sent 24. október: „Berja þig og fjölskyldu þína ef þú borgar ekki þá mun fjölskylda þín borga láttu hana vita“.
- 2.6 sent 26. október: „Þú ert hóra“.
- 2.10 sent 26. október: „Þú færð tíma til fyrsta rusl“
- 2.11 sent 26. október: „Þú munt borgar mér tilbaka hóra“.

2.12 sent 26. október: „*Sjáðu til hóra þú borgar tilbaka*“

2.13 sent 26. október: „*Ég gef líka skýrslu þjófotta hóran þín þú borgar tilbaka*“.

Teljast brot þessi varða við 218. gr. b og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3 Brot gegn blygðunarsemi og brot í nánu sambandi á árinu 2020, með því að hafa sent A eftirfarandi smáskilaboð sem voru til þess fallin að særa blygðunarsemi hennar og vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð, en skilaboðin voru þýdd úr [...]:

3.1 sent 30. september: „*þar að auki hefur þú lítið að segja um okkar ferðalög, er það að fara í þig að ég er með réttindi. Vita skaufarnir sem eru að ríða þér hvað þú gerir? Þeir fá að vita það. Þú ert fölsk.*“

3.2 sent 30. september: „*Héltu að ég myndi ríða þér fyrir einhverjar gjafir? Hver ert þú að þú gerir svona hluti. Ég fann ekki skauða á ruslahaugunum. Það að ég vilji tala við þig þýðir ekki að ég fari að gefa þér gjafir, þú setur þig á of háan stall. Sjáumst.*“

3.3 sent 24. október: „*Það ert þú sem færð ekki að gera það sem þú vilt. Heyrðu fáviti þú getur stjórnað þíkunni á þér en ekki syni mínum. Ég hef réttindi til barnsins og við höfum rétt á að fara [til [...]] og munum gera það.*“

3.4 sent 26. október: „*Þú ert búin að skíta í buxurnar fyrir löngu síðan nú getur þú étið þennan skít sjáumst*“

Teljast brot þessi varða við 218. gr. b og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

007-2020-[-...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000,- auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. október 2017 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt fyrir ákærða, en með dráttavöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar við réttargæslu

samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun, sbr. 48. gr. sömu laga.“

Málið var upphaflega höfðað með ákæru dagsettri 22. desember 2021. Í þeirra ákæru var getið um ranga bótakröfu og vegna þeirra mistaka var ákæran afturkölluð og var ný ákæra gefin út, dagsett 16. maí sl. Er hún samhljóða eldri ákæru að öðru leyti en hvað varðar bótakröfuna. Við aðalmeðferð málsins breytti réttargæslumaður bótakröfu brotaþola á þann veg að krafist er vaxta af kröfunni frá 10. október 2018.

Ákærði krefst þess að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa og að dæmd refsing verði skilorðsbundin. Hvað varðar bótakröfu þá krefst hann þess að bætur verði verulega lækkaðar frá því sem krafist er og að tekið verði mið af breytttri vaxtakröfu. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði og að þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði.

## I

### *Málsatvik*

Föstudaginn 16. nóvember 2018 lagði brotaþoli, A, fram kæru á hendur ákærða, sem er fyrrverandi sambylismaður hennar, vegna hótana og líkamsárásar. Hefðu atvikin átt sér stað 10., 19. og 28. október og 8. nóvember 2018. Fyrir liggur að brotaþoli og ákærði hófu fyrst sambúð á árinu 2015 og lauk henni árið 2018. Þau eiga saman son fæddan [...] en fyrir átti brotaþoli dóttur. Þá var ákærði með dómi héraðsdóms [...] 2018 sakfelldur fyrir m.a. ofbeldisbrot gagnvart brotaþola en hún hefur einnig lýst ítrekuðum hótunum og smánandi orðbragði ákærða gagnvart sér í gegnum árin. Einnig hefur ákærða verið gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotaþola. Kvaðst brotaþoli þann 10. október 2018 hafa fengið SMS-skilaboð frá ákærða þar sem hann hefði hótad henni, talað niðrandi við hana og kallað hana öllum illum nöfnum. Hefði hann hótad að brjóta allar tennurnar í henni og sagt að hún væri hóra, tuska, mella og vændiskona. Kvaðst hún ekkert hafa talað við ákærða þennan dag. Hann væri ósáttur við að þau væru ekki saman og þegar hann tjáði henni ást sína svaraði hún ekki. Svaraði hún honum einungis tengdust skilaboðin drengnum. Brygðist ákærði við því með þessum hætti og hótad henni. Sagði hún ákærða ekki hafa framkvæmt hótanir sínar en sér hefði liðið illa við að fá þær og vektu þær hjá henni ótta og sagði hún ákærða vera ofbeldisfullan mann. Sagði hún það

ekki skipta ákærða máli þó að börnin væru nálægt henni þegar hann væri að öskra á hana. Kvaðst hún ekki hafa svarað þessum skilaboðum.

Sagði brotapolí að þann 19. október 2018 hefði ákærði átt að taka drenginn til sín en á síðustu stundu sent henni skilaboð og sagt að hann ætlaði ekki að koma. Kvaðst hún þá hafa svarað honum og sagt að barnið færi þá í pössun og hefði ákærði þá hótad henni og í kjölfarið einnig hótad konu sem gætti barnsins stundum. Skrifaði ákærði alltaf það sama; að hún væri hóra, mella og stundaði kynlíf með hverjum sem væri. Kvaðst brotapolí starfa við [...] á nokkrum stöðum og vissi ákærði hvar hún starfaði og væri hann greinilega að fylgjast með henni. Kvaðst hún taka hótanir ákærða alvarlega. Einnig óttaðist hún að fá ekki gæslu fyrir börnin sín og geta því ekki unnið en ákærði væri að reyna að halda henni inni á heimilinu.

Þá sagði brotapolí ákærða hafa veist að sér og hótad sér 28. október 2018 þegar hann var skila barninu til hennar. Sama dag hefði hún fengið niðrandi skilaboð frá honum. Einnig hefði ákærði veist að henni 8. nóvember 2018 og öskrad á hana fyrir að hafa komið í fylgd vinkonu sinnar í héraðsdóm til skýrslugjafar vegna máls ákæruvaldsins á hendur ákærða fyrir brot gegn henni. Áður hefði hann lagt að henni að draga framburð sinn til baka. Sama dag hefði hann einnig hótad henni í skilaboðum sem hann sendi henni. Kvaðst hún vilja fá frið fyrir ákærða og losna við áreitni af hans hálfu og hefði hún orðið hrædd þegar hún fékk skilaboð frá honum. Fór brotapolí fram á að lagt yrði nálgunarbann á ákærða en fram kom að slíkt bann hefði þrisvar verið lagt á en brotapolí tvisvar afturkallað það þar sem hún hefði verið félagslega einangruð og ekki haft aðra en ákærða að leita til.

Brotapolí gaf einnig skýrslu á ný 19. desember 2018 vegna viðbótarupplýsinga sem hún vildi koma á framfæri. Lagði hún fram frekari skilaboð, m.a. þar sem ákærði hótadi að drepa hana með því *að setja hana í sand*. Kom fram hjá túlki að merking þessara orða væri sambærileg við það *að finna einhvern í fjöru*.

Þann 16. desember 2018 ræddi lögregla við brotapolá og sagði hún ákærða hafa sent sér líflátshótanir símleiðis fyrir þann dag. Fyrir liggur skýrsla lögreglu þar sem fram kom að 12. nóvember 2020 hefði verið rætt við brotapolá á [...]stöð og hún sagt að það hefði vantað loft í hjólbarða bifreiðar hennar um morguninn og grunur vaknað um að skorið hefði verið á þá. Sama dag gaf hún skýrslu hjá lögreglu og kom þá fram hjá henni að ákærði hefði ítrekað sent henni SMS-skilaboð á árinu 2020 sem innihéldu hótanir, m.a. um að hann ætli að berja hana, að hann ætlaði sér að endurheimta peninga sem hann

hefði verið dæmdur til að greiða henni í bætur og að hann ætlaði að fara til foreldra hennar og sækja peningana. Einnig hefði hún fengið ótal skilaboð frá honum þar sem hann hefði kallað hana illum nöfnum og sagt að hún myndi sjá eftir því ef hún endurgreiddi honum ekki bæturnar. Sagði brotþoli að sér liði eins og hann myndi gera allt til að fá þessa peninga til baka og snerust hótanirnar nú um það. Þá væri hann reiður út af því að faðir hans væri að aðstoða hana með börnin.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 20. desember 2018. Voru borin undir ákærða skilaboð sem brotþola bárust frá honum 10. október 2018. Sagði hann þá að brotþoli hefði einnig hótad sér, kallað sig illum nöfnum og hótad að brenna móður hans. Þau hefðu rifist mikið en brotþoli væri að nota sér það að ekki væri búið að ganga frá samningi um umgengni hans við barn þeirra og neitaði að skrifa undir samning. Var ákærða kynnt að fram hefði komið hjá brotþola að hann hefði sagt að hún væri hóra, hann hefði hótad að brjóta í henni allar tennurnar og sagt að hún væri tuska, mella og vændiskona. Kvaðst ákærði hafa svarað henni á sama hátt og hún skrifaði honum. Kvaðst hann hafa leitað til sálfræðings og hefði hann ráðlagt honum að *blokka* brotþola og hafa ekki samband við hana. Þá hefði brotþoli hringt úr öðru númeri og sagt *hóran þín af hverju ert þú búinn að blokka mig?* Kvað hann sig ekki langa til að svara henni. Væri hann ekki ósáttur við að þau brotþoli væru ekki lengur í sambúð en hefði lagt til að þau leituðu sér aðstoðar vegna samskipta þeirra. Allt hefði versnað eftir sambandsslitin og fengi hann engan frið fyrir henni. Ekki hefði verið ætlun hans að valda henni skaða.

Ákærði gaf á ný skýrslu 3. mars 2020. Voru þá borin undir hann þau skilaboð sem rakin eru í I. kafla ákærunnar. Viðurkenndi hann að hafa sent þessi skilaboð til brotþola en sagði að slík skrif hefðu oft verið á báða bóga.

Þá gaf ákærði skýrslu 15. desember 2020. Voru þá borin undir hann flest þau skilaboð sem rakin eru í II. kafla ákærunnar og viðurkenndi hann að hafa sent þau. Kvaðst hann hafa orðið pirraður og höfuðið á honum farið á svipaðan stað og árið 2018 en hann væri búinn að vinna í sjálfum sér undanfarin tvö ár og hefði m.a. farið til sálfræðings. Hann hefði orðið mjög reiður þegar hann var dæmdur til að borga brotþola bætur. Ekki hefði verið ætlun hans að gera brotþola neitt eða láta verða af því sem hann skrifaði og hefði hún ekki ástæðu til að óttast hann. Þau hefðu bæði verið að kalla hvort annað ljótum nöfnum.

Þá liggja fyrir gögn um þau SMS-samskipti sem rakin eru í ákæru. Í upplýsingaskýrslum lögreglu kemur fram að gögnin hafi verið sótt í síma brotþola og

afrituð til nánari skoðunar. Liggja fyrir skýrslur með útprentuðum skilaboðum, sendingartíma og þeim símanúmerum sem viðkomandi var í samskiptum við. Samskiptin fóru fram á [...] og liggur fyrir íslensk þýðing á skilaboðunum. Einnig liggja fyrir skilaboð á [...] milli ákærða og D frá því í október 2018 og brotaþola og D, og þýðing á skilaboðunum.

Ákærði lagði fram læknisvottorð, dagsett 3. mars 2022, þar sem fram kemur að hann hafi þá nýlega verið lagður inn á [...] í um tíu daga og greindur með [...]. Kemur fram í vottorðinu að versnandi líðan ákærða sé rakin til álags. Eftir útskrift mætti ákærði í eftirfylgd á spítalann, var í lyfjameðferð og frekari stuðningur var áætlaður. Þá lagði ákærði fram meðmælabréf vinnuveitanda, dagsett 9. maí 2022, þar sem honum voru gefin góð meðmæli, og útprentun, ásamt þýðingu, á skilaboðum milli ákærða og brotaþola á Facebook á tímabilinu 2. september 2017 til 19. ágúst 2019, með handrituðum dagsetningum og prentuðum dagsetningum frá árinu 2017. Er þar m.a. mynd af ákærða þar sem kynfæri hans sjást. Einnig lagði hann fram skjáskot af skilaboðum á [...] við vitnið E, sem talin eru hafa farið fram á Facebook, án dagsetninga utan nokkurra skilaboða sem send voru 16. júlí 2018. Þá lagði ákærði fram sálfræðilega matsgerð sem unnin var í tilefni af dómsmáli á milli hans og brotaþola þar sem þau deildu um forsjá barns þeirra.

Einnig liggur fyrir dómur héraðsdóms frá [...] 2018 í máli ákæruvaldsins gegn ákærða nr. S-[...] og bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 8. júlí 2021 þar sem beiðni brotaþola um nálgunarbann á ákærða var hafnað. Þá liggur fyrir dómur héraðsdóms í máli nr. E-[...] sem brotaþoli höfðaði gegn ákærða og krafðist bóta vegna þeirra brota sem hann var sakfelldur fyrir í framangreindu sakamáli. Var ákærði dæmdur til að greiða brotaþola 800.000 krónur.

## II

### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitaði sök en viðurkenndi að hafa sent brotaþola þau skilaboð sem greinir í ákæru. Ákærði sagði að brotaþoli hefði gert allt til að gera hann reiðan og stressaðan. Hún hefði viljað stjórna lífi hans og ef hann gerði ekki það sem hún sagði hefði hún hótað honum og einnig hefði hún oft slegið hann. Kvaðst ákærði hafa elskað brotaþola mikið og hefðu sambandsslitin verið honum erfið en hann orðið að enda sambandið. Staðfesti ákærði að þau skilaboð sem hann sendi brotaþola hefðu verið ljót

og meiðandi og sæi hann mikið eftir að hafa sent þau. Hann ætti erfitt með að hugsa um þetta og þegar ákæran var gefin út hefði hann viljað [...]. Þegar hann sendi þau skilaboð sem greinir í ákæru hefðu þau stundum verið að skrifast á en í sumum tilvikum hefði hann sent skilaboð. Spurður um innihald þeirra skilaboða sem hún sendi honum sagði ákærði að hún hefði sagt að hún ætlaði að drepa móður hans og einnig hefði hún sent nektarmyndir af honum til annars fólks. Kvaðst ákærði hafa verið beittur ofbeldi í sambandinu og hefði hann verið hræddur við að koma heim úr vinnunni og óttast hvað hún myndi gera þegar hann kæmi heim. Brotþoli hefði beðið hann að heimsækja sig þegar nálgunarbann var í gildi. Einnig hefði hann verið gestkomandi á heimili hennar á meðan nálgunarbannið var í gildi og hefði hún beðið hann að fela sig þegar lögreglan kom þangað. Sagði ákærði að nektarmyndina af honum, sem liggur fyrir í málsgögnum, hefði brotþoli sent á árinu 2018 í gegnum Facebook-aðgang hans. Þau hefðu enn verið saman þegar þetta gerðist. Hún hefði oft farið inn á Facebook-síðu hans og breytt lykilorðinu eða tekið af honum símann og hefði ekki viljað leyfa honum að fara inn á Facebook. Einnig hefði brotþoli sent honum niðurlægjandi mynd af móður hans í bikiní og sagt að hún væri hóra. Brotþoli hefði haft aðgang að Facebook-síðu hans í þrjú til fjögur ár og stjórnað síðunni að miklu leyti. Hefði hún örugglega þurrkað út skilaboð frá henni til hans.

Var kynnt fyrir ákærða að hluti ákæruefnis hefði gerst árið 2018 og hluti árið 2020 og sagði ákærði að það væri á sama tíma og forsjármál og bótamál sem brotþoli höfðaði hefðu verið rekin á milli hans og brotþola. Þau hefðu bæði verið metin hæf sem foreldrar en brotþoli hefði neitað honum um umgengni við barnið, slegið hann, stjórnað Facebook-síðu hans og sent myndir af honum til annars einstaklings. Kvaðst ákærði ekki hafa verið í andlegu jafnvægi þegar hann sendi þau skilaboð sem greinir í ákæru og þetta verið erfiður tími í lífi hans. Í fyrra sakamálinu hefði hann verið dæmdur fyrir brot gegn henni og til greiðslu bóta. Hefði hann staðið við það sem hann lofaði að greiða og væri hann því mjög illa staddur fjárhagslega og ætti stundum ekki fyrir mat. Hann starfaði hjá [...] og ynni alla yfirvinnu sem honum byðist. Langaði hann til að vera hamingjusamur og að brotþoli hyrfi úr lífi hans. Hann væri hræddur við brotþola og honum liði ekki vel þegar hún væri nálægt. Hún hefði sent honum ljót skilaboð á Facebook og hann stundum svarað þeim en stundum hefði hún sjálf verið með símann og sent skilaboð til sín og þá verið að tala við sjálfa sig.

Hvað varðaði þau skilaboð sem greinir í ákæru þá hefði hann sent þau og verið einn með aðgang að símanum á þeim tíma sem ákæran tekur til. Þau hefðu ekki verið í sambandi á þessu tímabili og þær skýringar sem hann væri búinn að rekja tækju til annarra tímabila. Kvaðst hann hafa flutt frá brotapolu í júní 2018.

Brotapoli, A, sagði að sambandið við ákærða hefði verið mjög erfitt. Hann hefði allan tímann beitt hana ofbeldi og kallað hana niðurlægjandi og ljótum nöfnum, t.d. hóru, og sagt að hann ætlaði að *skemmta hana*. Hefði hún verið með honum vegna þess að þau áttu barn saman. Einnig hefði hann sagt að hún myndi ekki *enda vel* ef hún væri ekki með honum. Þau hefðu oft hætt saman og byrjað saman aftur. Í einum skilaboðanna hefði hann sagt að hann ætlaði að gera eitthvað við hana og dóttur hennar og að hann ætlaði að *leggja hana í sandinn*. Hún myndi ekki öll skilaboðin en lögregla væri með afrit af þeim öllum. Þetta hefði verið mjög erfiður tími og væri hún að reyna að gleyma honum.

Var brotapolu kynnt að ákæran tæki til tímabilsins september, október og desember 2018 og ársins 2020 og sagði brotapoli að þegar þetta gerðist hefði sér liðið illa, hún hefði grátið og ekki vitað hvað myndi gerast næst. Hún byggði hér ein og gæti ekki farið til síns heimalands. Þá hefði ákærði ekki viljað að hún ætti vini og ef hún eignaðist vinkonu hefði hann hóttað henni. Kvaðst hún hafa verið hrædd þegar hún fékk skilaboð frá ákærða og ekki vitað hvort þetta væru einungis skilaboð eða hvort hann myndi gera eitthvað. Hann hefði einnig beitt hana ofbeldi. Hann hefði oft bannað henni að fara til útlanda nema með skilyrðum. Þegar þau voru saman hefði hann þurft að samþykkja allt sem hún gerði og hefðu þau farið sameiginlega með forsjá barnsins.

Brotapoli sagði að ekki hefði alltaf verið um að ræða einhliða sendingar frá ákærða í þeim tilvikum sem kæmu fram í ákæru, heldur hefðu verið samskipti á milli þeirra. Sjálf minnst hún þess ekki að hafa sent honum ljót skilaboð. Kvaðst hún telja að hún hefði veitt lögreglu heimild til að sækja gögn frá símafyrirtæki sínu og minnst þess ekki að hafa eytt út skilaboðum. Hefði hún skrifað ljót skilaboð til ákærða þá hefði hún verið að verja sig. Hún hefði margoft beðið hann að hætta að senda sér og fjölskyldu sinni skilaboð. Viðurkenndi brotapoli að hafa sent ákærða skilaboð með hótun en áður hefði ákærði haft samband við móður hennar og sagt ýmislegt ljótt við hana. Hefði móðir hennar endað á spítala og verið í lífshættu og hefði hún því orðið mjög reið út í ákærða. Einnig hefði hún sent bikini-mynd af móður ákærða og kallað hana hóru, en bæði móðir ákærða og ákærði hefðu þá verið að kalla hana ljótum nöfnum. Hefði hún svarað ljótum skilaboðum ákærða með því að senda ljót skilaboð á móti þegar hún var reið. Ákærði

hefði flutt út á árinu 2018 og síðan þá hefði hún ekki snert símann hans eða tölvuna hans. Stundum hefði hann látið hana hafa símann sinn og leyft henni að skoða hann en hún hefði aldrei notað símann hans án hans samþykkis. Kannaðist hún ekki við að hafa sent vitninu E nektarmynd af ákærða en taldi að kannski hefði ákærði gert það og væri nú að kenna henni um það.

Þá sagði brotaþoli að sér hefði liðið illa andlega þegar hún bjó með ákærða og hefði hann gert allt til að *skemma hana*. Hún hefði margoft beðið hann að hætta að senda sér skilaboð eftir að hann flutti út. Þá hefði hann beðið hana að afturkalla kæruna. Einnig hefði hann hringt í móður hennar í febrúar eða mars 2022 og sagt henni að segja brotaþola að afturkalla kæruna. Kvaðst hún ekki hafa tilkynnt lögreglu um það. Hefði hann svarað á móti að hann sendi henni skilaboð af því að hann mætti það. Hefði ákærði sagt að hann myndi veita henni [...] ef hún myndi afturkalla kæruna.

Brotaþoli sagði að ákærði hefði látið sig í friði síðan í febrúar eða mars 2022. Hann væri hræddur um hvað myndi gerast núna. Brotaþoli sagði að sér liði ekki vel og vissi hún ekki hvernig hlutirnir yrðu næsta dag. Alltaf þegar hún fengi skilaboð frá ákærða hugsaði hún um það hvort þau væru eðlileg eða hvort hann væri að kalla hana ljótum nöfnum. Besta augnablikið í lífi hennar hefði verið þegar hún fékk á hann nálgunarbann og hún vissi að ef hann sendi henni skilaboð eða kæmi til hennar yrði eitthvað gert. Brotaþoli kvaðst hafa á árinu 2018, eftir að þau hættu saman, farið í nokkra tíma hjá [...] sálfræðingi í gegnum netið. Núna hjálpaði hún sér sjálf og talaði við vini sína. Brotaþoli sagði að ákærði hefði falið sig þegar lögregla kom á heimili hennar árið 2016 en þá hefðu þau verið hætt saman en síðan byrjað aftur saman. Hún hefði ekki beðið ákærða að fela sig. Alltaf þegar eitthvað gerðist hefði hann beðið hana að afturkalla kröfur sínar af því að þau ættu barn saman. Kvaðst brotaþoli ekki hafa eytt út skilaboðum til að láta ákærða líta verr út.

Sérfræðingur tæknideildar lögreglu nr. [...] kvaðst hafa fengið símtæki afhent og afritað gögn úr því og afhent þeim sem fór með rannsókn málsins og hefði því sjálfur ekki skoðað gögnin. Sagði vitnið að erfitt væri að segja til um það hvort það sem búið væri að eyða út hefði sést við speglun símans í þessu tilviki. Gerð hefði verið raunlæg afritun eða *logical* afritun sem gerði það að verkum að eydd gögn næðust síður. Þá væri *byggingarlag* á sínum í dag þess eðlis að það væri illgerlegt að ná eyddum gögnum. Mögulegt væri að ná þeim ef hægt væri að ná *ficikal* afriti en það væri í dag illgerlegt vegna öryggisuppstíllinga og *fidusa* í símanum sjálfum. Ekki væri nú hægt að taka sim-

kort og skoða gögnin þar. Áður hefði verið hægt að sækja eydd gögn á sim-kortin en þau geymi ekki lengur gögn heldur séu þau á eigin svæði í símanum. Ekki væri því hægt að ná gögnum með því að kalla eftir þeim frá símafyrirtækjunum. SMS-skeyti færi í miðstöð hjá símafyrirtæki og þaðan inn í símtækið. Væri það stutta stund á þessu svæði í símunum og *lifði* stutt eftir það. Símafyrirtæki geymdu upplýsingar um umferð og samskipti, t.d. um að SMS-skeyti hefði verið sent á ákveðnum tíma, en ekki innihald þess. Hægt hefði verið að bera saman umferð og þau skilaboð sem fundust í símanum. Kvaðst vitnið ekki vita til þess að það hefði verið gert í þessu máli.

E kvaðst vera kunningjakona ákærða en einnig kannast við brotþola. Hún hefði verið í samskiptum við brotþola sem þá notaði aðgang ákærða á Facebook í þeim samskiptum. Hefði brotþoli sent henni mynd af getnaðarlim ákærða, líklega fyrir tveimur til þremur árum, og sakað vitnið um að hafa verið í ástarsambandi við ákærða, sem væri ekki rétt. Auk þess hefði brotþoli kallað vitnið öllum illum nöfnum, m.a. hóru. Kvaðst hún hafa vitað að það hefði verið brotþoli sem var að senda henni skilaboðin en ekki ákærði þar sem hún hefði áður verið í samskiptum við ákærða og það hefði ekki verið neitt daður á milli þeirra. Einnig hefði brotþoli viðurkennt fyrir henni að það væri hún sem hefði verið í samskiptum við vitnið en ekki ákærði. Þegar viðkomandi kallaði vitnið hóru og sagði hana hafa áhuga á fráteknnum mönnum þá hefði hún áttað sig á því hver þetta væri. Hefði brotþoli sagt henni að ákærði hefði komið illa fram við hana og talað um að safna sönnunargögnum gegn honum. Kvaðst vitnið hafa tekið skjáskot af samtalinu og sent ákærða á WhatsApp en brotþoli hefði eytt samskiptunum af reikningi ákærða.

### III

#### *Niðurstaða*

Ákærði er ákærður fyrir brot gegn blygðunarsemi, stórfelldar ærumeiðingar og brot í nánú sambandi gagnvart fyrrverandi sambyliskonu sinni, brotþola, framin í október og desember 2018 og september, október og nóvember 2020 með sendingu SMS-skilaboða úr símanúmerinu [...] í símanúmerið [...]. Eru brotin í ákæru, eftir atvikum, talin varða við 209. gr., 218. gr. b og 233. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Hann viðurkenndi að hafa sent þau SMS-skilaboð sem greinir í ákæru. Viðurkenndi ákærði að skilaboðin hefðu verið ljót og meiðandi og sæi hann eftir

að hafa sent þau. Er á því byggt af hans hálfu að háttsemin verði réttilega heimfærð til þeirra refsíákvæða er greinir í ákæru en fyrir hendi séu refsileysisástæður sem líta beri til við mat á sekt hans og eftir atvikum við ákvörðun refsingar. Byggir ákærði á því að brotaþoli hafi ráðist að honum með sama hætti og hann er sakaður um í ákæru, þ.e. að hún hafi verið að senda honum sambærileg skilaboð. Þá hafi skilaboð hans verið slitin úr samhengi en þeirra hafi verið aflað úr síma brotaþola og kunni að vanta þar inn í skilaboð sem hún sendi honum. Þá hafi hún beitt hann ofbeldi á meðan á sambandi þeirra stóð, notað Facebook-aðgang hans í leyfisleysi og m.a. sent frá honum nektarmynd af honum án heimildar hans.

Brotaþoli viðurkenndi fyrir dómi að hafa haft aðgang að Facebook-síðu ákærða og að hafa sent skilaboð úr síma hans en það hefði ekki verið á því tímabili sem ákæra taki til. Þá viðurkenndi hún að hafa í einhverjum tilvikum sent ákærða óviðeigandi skilaboð en það hefði verið í kjölfar þess að hann lét ljót orð falla í garð hennar og móður hennar. Kvað hún sér hafa liðið illa vegna allra þeirra skilaboða sem ákærði sendi henni og aldrei hafa vitað hvort hann myndi láta verða af hótunum sínum.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum skal hver sá sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð m.a. núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að sex árum. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að stórfellt brot gegn 1. mgr. geti varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika og þar með hvort brot sé stórfellt skal sérstaklega litið til þess hvort stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hafi hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 23/2016, en með því var 218. gr. b lögfest, segir um lagaákvæðið, sbr. 4. gr. laganna, að við mat á grófleika verknáðar skuli sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Er þannig ætlunin að með lagaákvæðinu verði lögð áhersla á það ógnarástand sem þessi tegund ofbeldis getur

skapað og þá langvarandi andlegu þjáningu sem því getur fylgt. Var sérstaklega getið um það að líkamsmeiðingaákvæði almennra hegningarlaga tækju eðli málsins samkvæmt einungis til líkamlegs ofbeldis en ekki til andlegs ofbeldis, svo sem kúgana, hótana eða niðurlæginga, sem væru algeng birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum. Væri ákvæðinu ætlað að taka á þessum vanda og með því horfið frá því að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hefði í för með sér. Yrðu ofbeldisbrot í nánnum samböndum virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þyrfti hvert og eitt tilvik fyrir sig. Væri ákvæðinu þannig fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefði yfir í lengri eða skemmri tíma þótt því yrði jafnframt beitt um einstök alvarleg tilvik. Í samræmi við þetta væri gert ráð fyrir að ákvæðinu yrði að meginstefnu beitt einu og sér en ekki samhliða öðrum refsíákvæðum hegningarlaga. Þó væri hægt að beita ákvæðinu samhliða refsíákvæðum sem hefðu hærri refsímörk eða tækju til kynferðisbrota, svo sem 194. gr., enda innihéldu slík ákvæði jafnan efnisþætti sem hið nýja ákvæði næði ekki fyllilega utan um þótt efnislegt inntak þeirra skaraðist að nokkru leyti.

Í ákvæðinu eru sérstaklega taldar upp verknaðaraðferðir sem nú þegar geta falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum, þ.e. ofbeldi, hótanir, frelsissvipting og nauðung. Er rakið í athugasemdum með ákvæðinu að ofbeldi í nánnum samböndum geti birst á fleiri vegu, svo sem í félagslegu ofbeldi þar sem þolandi er einangraður frá fjölskyldu og vinum og jafnvel komið í veg fyrir að hann geti sótt skóla eða vinnu, andlegu ofbeldi þar sem er beitt grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum og minni háttar og ítrekuðum hótunum, sem beinast hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum. Í þessu ljósi er lagt til að refsinaemi ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar geta falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum.

Samkvæmt 233. gr. b í almennum hegningarlögum skal sá sem móðgar eða smánar m.a. maka sinn eða fyrrverandi maka, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, sæta fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæðið var lögfest með 3. gr. laga nr. 27/2006. Í athugasemdum með því er um tengsl aðila vísað til sömu skýringa og hvað varðar 218. gr. b.

Einnig er í athugasemdunum með lagaákvæðinu lýst þeim verknaðaraðferðum að móðga eða smána þann sem er manni nákominn. Kemur þar fram að móðgun í merkingu þessa ákvæðis getur átt sér stað í orðum eða athöfnum. Um skýringu þessa hugtaks ber að miða við þá merkingu sem lögð hefur verið í það hugtak í réttarframkvæmd við beitingu 234. gr. almennra hegningarlaga og í skrifum fræðimanna um það ákvæði. Sama gildir um hugtakið smánun sem fram kemur í 233. gr. a í lögunum, og er til hliðsjónar hvað það varðar vísað í dóm Hæstaréttar frá 24. apríl 2002, mál nr. 461/2001. Lögð er á það áhersla að samkvæmt orðalagi ákvæðisins er refsinemi verknaðarins bundið við það að hann verði talinn fela í sér *stórfelldar ærumeiðingar*. Að þessu leyti er því stigsmunur á grófleika þess verknaðar sem falla mundi undir ákvæðið annars vegar og 234. gr. almennra hegningarlaga hins vegar. Ákvæðið hefði því einkum það að markmiði að sporna við því að höfð séu í frammi ummæli eða athafnir á milli nákominna sem talið verði, á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða, að feli í sér stórfelldar ærumeiðingar, svo sem ýmsar athugasemdir eða athafnir geranda sem beinast m.a. að útliti, persónulegum eiginleika eða háttarni brotþola. Meiri líkur verða taldar á því að fullnægt sé skilyrðinu um stórfelldar ærumeiðingar ef fyrir liggur að móðgandi eða smánandi orðbragð eða athafnir á milli nákominna séu endurteknar eða að aðstæður séu að öðru leyti þess eðlis að móðgun eða smánun verði talin alvarleg skerðing á friðhelgi brotþola. Af þessu leiðir að almennt séð þarf talsvert mikið til að koma svo að einstakar athugasemdir eða athafnir á milli nákominna eða önnur einangruð tilvik fullnægi þessu skilyrði en leggja þarf sem fyrr heildstætt mat á hvert tilvik fyrir sig.

Óumdeilt er að ákærði og brotþoli hófu sambúð á árinu 2015 og lauk henni árið 2018 en þau eignuðust saman barn í [...]. Af því sem fyrir liggur verður ráðið að brotþoli hefur ítrekað sakað ákærða um ofbeldi og hótanir og var hann árið 2018 dæmdur fyrir brot gegn henni, eins og að framan er rakið, m.a. fyrir brot gegn 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Ber ákærða og brotþola saman um að meint brot ákærða samkvæmt ákæru voru framin eftir að sambandi þeirra lauk. Telur dómurinn ótvírætt, með vísan til þess sem fram er komið í málinu, að tengsl ákærða og brotþola hafi verið slík að refsivernd 218. gr. b taki til háttsemi ákærða gagnvart brotþola þegar atvik gerðust. Í ljósi þeirrar niðurstöðu verður samband þeirra jafnframt talið leiða til þess að brotþoli falli undir skilgreiningu 233. gr. b á fyrrverandi maka.

Fyrir liggur að gagna um þau skilaboð sem rakin eru í ákæru var aflað úr síma brotþola. Voru þau öll send á [...] með SMS-skilaboðum. Fyrir liggur íslensk þýðing

þeirra þar sem jafnframt kemur fram hvort og þá hvaða samskipti voru á milli ákærða og brotþola að öðru leyti. Verður ekki af þeim gögnum ráðið að brotþoli hafi þá verið að senda ákærða sambærileg skilaboð. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi komið að sendingu þessara skilaboða eða hún haft áhrif á það hvernig samhengi þeirra birtist í málgögnum. Þá varðar sakarefnið ekki samskipti brotþola og ákærða á Facebook eða eftir atvikum notkun brotþola á Facebook-aðgangi ákærða. Einnig liggur fyrir að þau Facebook-samskipti sem ákærði vísar til áttu sér ekki stað á þeim tíma sem ákæra tekur til. Ákærða hefði verið í lófa lagið að kæra brotþola hafi hún sent honum sambærileg skilaboð og hann hefur verið ákærður fyrir eða eftir atvikum leggja þau fram. Hafnar dómurinn þeim vörnum ákærða að háttsemi hans réttlætist á einhvern hátt af hegðun brotþola. Með framburði ákærða og framlögðum gögnum telur dómurinn sannað að ákærði hafi sent þau skilaboð sem greinir í ákæru. Þá er það mat dómsins að framburður ákærða og brotþola hafi verið stöðugur í gegnum meðferð málsins og metur dómurinn framburð brotþola trúverðugan hvað varðar þau atriði sem máli skipta við úrlausn málsins. Framburður ákærða um þátt brotþola í þeim samskiptum sem leiddu til ákærunnar fær hins vegar ekki nægilegan stuðning í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram og metur dómurinn hann ótrúverðugan hvað það varðar.

Sú háttsemi sem rakin er í 1. tölulið I. og II. kafla ákæru er þar talin varða við 209. gr., 233. gr. b og 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Brotþoli bar um að sér hefði liðið illa þegar hún fékk skilaboðin en auk þess má af orðalagi þeirra og samhengi ráða að skilaboðin hafi verið til þess fallin að særa blygðunarsemi brotþola, sbr. 209. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur lagaákvæðið verið túlkað svo að það sé ekki skilyrði fyrir sakfellingu að kynferðislegar hvatir hafi legið að baki háttsemi. Með vísan til orðalags í þeim skilaboðum sem rakin eru í framangreindum töluliðum og aðstæðna að öðru leyti telur dómurinn einnig að um lostugt athæfi hafi verið að ræða í skilningi 209. gr. Samkvæmt framangreindu er fallist á það með ákæruvaldinu að brotin verði heimfærð undir það lagaákvæði. Ekki verður hins vegar á það fallist, með vísan til orðalags skilaboðanna, utan töluliðar 1.1, að þau feli í sér hótun í skilningi 218. gr. b, sbr. 233. gr., almennra hegningarlaga, sem er til þess fallin að vekja hjá henni ótta um líf heilbrigði eða velferð hennar, en að um smánun sé að ræða samkvæmt 233. gr. b í sömu lögum. Hvað varðar tölulið 1.1 í I. kafla verður í ljósi samskipta þeirra og annarra skilaboða sem ákærði sendi brotþola þennan sama dag og rakin eru í 2. tölulið I. kafla

ákærunnar að telja að um hótun sé að ræða sem sé til þess fallin að vekja hjá brotþola ótta um líf sitt heilbrigði og velferð. Er það niðurstaða dómsins að sú háttsemi verði jafnframt heimfærð undir 218. gr. b í almennum hegningarlögum.

Hvað varðar þau skilaboð sem rakin eru í 2. tölulið I. og II. kafla ákæru þá er sú háttsemi í ákæru talin varða við 218. gr. b og 233. gr. b í almennum hegningarlögum. Er háttsemi ákærða í 2. tölulið II. kafla ákæru ekki að öllu leyti rakin í áframhaldandi töluröð. Á sama hátt og rakið er hér að framan, hvað varðar 1. tölulið I. og II. kafla, þá er það mat dómsins að þau skilaboð sem þar greinir í töluliðum 2.1, 2.2, 2.7, 2.8 og 2.9 í I. kafla ákæru og 2.1, 2.6, 2.10, 2.11, 2.12 og 2.13 í II. kafla ákærunnar feli ekki í sér hótun og verði ekki heimfærð undir 218. gr. b. Er háttsemin að öðru leyti rétt heimfærð til refsíákvæða.

Í 3. tölulið I. kafla ákærunnar er ákærði ákærður fyrir brot gegn 218. gr. b í almennum hegningarlögum með því að hafa sent brotþola skilaboðin *þú ferð í sandinn* og eru skilaboðin talin til þess fallin að valda hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð. Við rannsókn málsins voru skilaboðin, sem látin voru falla á [...], túlkuð orðrétt á framangreindan hátt en af túlki talin vera sama efnis og íslenska orðatiltækið *að finna einhvern í fjöru*. Er sú merking almennt lögð í það í íslensku máli að í því felist *að gera upp sakirnar* eða *lúskra á einhverjum*. Er það því mat dómsins að í orðunum felist hótun um líkamsmeiðingar sem telja verður að sé til þess fallin að valda ótta hjá brotþola í samræmi við framangreint og þá sérstaklega með hliðsjón af atvikum og því sem á undan var gengið í samskiptum þeirra. Þá liggur fyrir samkvæmt framburði brotþola að skilaboðin frá ákærða ollu henni vanlíðan og óttaðist hún að brotþoli léti verða af hótunum sínum en ákærði hafði átta dögum áður verið sakfelldur fyrir líkamsárásir á hendur henni.

Í ákæru eru þau skilaboð sem greinir í 3. tölulið II. kafla ákærunnar talin fela í sér háttsemi sem heimfæra ber undir 218. gr. b og 209. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til sömu raka og hér að framan hvað varðar 1. tölulið I. og II. kafla ákærunnar er það niðurstaða dómsins að sú háttsemi ákærða varði við 209. gr. almennra hegningarlaga, utan töluliðar 3.4, en ekki verður talið að sending þeirra skilaboða hafi falið í sér lostugt athæfi. Með vísan til orðalags verður ekki talið að þau skilaboð sem rakin eru í 3. tölulið feli í sér hótun, utan töluliða 3.1 og 3.3, samkvæmt 218. gr. b í almennum hegningarlögum, sbr. 233. gr. sömu laga. Hvað varðar töluliði 3.1 og 3.3 þá fela skilaboðin í sér hótun að því leyti að í tölulið 3.1 hótaði ákærði að dreifa upplýsingum

um brotaþola og verður að telja að með því sé vegið að velferð hennar. Eins og að framan er rakið er ákvæði 218. gr. b einnig ætlað að taka til hótana er beinast að þeim sem er nákominn þeim sem verður fyrir hótun. Í tölulið 3.3. beinist hótunin að því að ákærði ætli sér að fara með barn þeirra til [...] og er með því einnig vegið að velferð brotaþola sem hafði forsjá barnsins sameiginlega með brotaþola. Í samræmi við framangreint verður ákærði því sýknaður af framangreindum tölulið 3.4 og broti gegn 218. gr. b hvað tölulið 3.2 varðar.

Að þessu virtu telur dómurinn nægilega sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og eru brot ákærða þar réttilega heimfærð til refsíákvæða að teknu tilliti til þess sem hér að framan er rakið.

#### IV

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 16. maí 2022, var ákærði [...] 2018 dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi vegna brota gegn 1. mgr. 218. gr. b, 1. mgr. 232. gr., 209. gr. og 233. gr. b í almennum hegningarlögum, gegn brotaþola. Ákærði rauf skilorð framangreinds dóms með þeim brotum sem hann hefur verið sakfelldur fyrir og hann framdi eftir þann tíma, þ.e. þeim brotum sem lýst er í tölulið 2.9 og 3 í I. kafla og í II. kafla. Brot ákærða framin fyrir þann tíma teljast vera hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, vegna framangreinds dóms. Verður dómurinn frá [...] 2018 dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. 60., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða er til þyngingar litið til 1., 5., 6. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, en fyrir liggur að brot ákærða voru gróf og stóðu yfir í langan tíma. Brotin beindust að fyrrverandi sambýliskonu og barnsmóður ákærða sem hann vissi að var í viðkvæmri stöðu, m.a. vegna lítilla félagslegra tengsla hér á landi. Hann notfærði sér að brotaþoli varð að vera í samskiptum við hann vegna barns þeirra þegar hann braut gegn henni og þannig viðhélt ákærði ógnarástandi þrátt fyrir að sambúð þeirra væri lokið. Þá hélt ákærði áfram háttsemi sinni í kjölfar meðferðar máls fyrir héraðsdómi þar sem hann var ákærður fyrir sambærileg brot og eftir að kveðinn hafði verið upp sakfellingadómur á hendur honum. Í ljósi alls framangreinds og sakarefnis máls þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði, skilorðsbundið að hluta eins og í dómsorði greinir.

## V

Í málinu gerir A kröfu um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar er rakið að framan. Ákærði hefur verið sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir alvarleg brot gagnvart brotþola, eins og að framan greinir. Hefur hann með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola miska. Engin sérfræðigögn liggja fyrir um líðan brotþola en hún bar sjálf um mikla vanlíðan vegna háttsemi ákærða og kvaðst hafa leitað sér sálfræðiaðstoðar um tíma. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 800.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun um upphafstíma dráttarvaxta er við það miðað þegar eldri ákæran var birt fyrir ákærða.

## VI

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 700.000 krónur, og Sigurðar Jónssonar lögmanns, 250.000 krónur, og 2/3 hluta þóknunar réttargæslumanns brotþola, Krístrúnar Elsu Harðardóttur, sem alls er ákveðin 2.200.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði. Hefur við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Byggist ákvörðun um greiðslu hluta af þóknun réttargæslumanns úr ríkissjóði á því að rannsókn málsins hefur dregist án þess að ákærða eða brotþola væri um að kenna og það kallað á aukna vinnu réttargæslumanns, m.a. vegna krafna um nálgunarbann. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Silja Rán Arnarsdóttir saksóknarfulltrúi.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tólf mánuði en fresta skal fullnustu níu mánaða af dæmdri refsingu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 800.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. október 2018 til 2. mars 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðra verjanda sinna, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 700.000 krónur, og Sigurðar Jónssonar lögmanns, 250.000 krónur, og 2/3 hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Krístrúnar Elsu Harðardóttur lögmanns, sem alls er ákveðin 2.200.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)